



Reykjavíkurborg
Menntasvið

GREINING Á STARFI:

ÞROSKAÐJÁLFA

● Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR



MAÍ 2006



Gagnadeild
Menntasviðs

GREINING Á STARFI:
ÞROSKAÞJÁLFA
Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

- Niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal 36 þroskaþjálfa í grunnskólum Reykjavíkurborgar
 - Rýnihópum þroskaþjálfa
 - Viðtölum við skólastjóra í grunnskólum

Umsjón könnunar og skýrsluskrif:
Hildur B. Svavarsdóttir

Umsjón og úrvinnsla úr rýnihópum og viðtölum:
Sigurbjörg J. Helgadóttir
Guðný Elísabet Ingadóttir

Menntasvið Reykjavíkurborgar
Maí 2006

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
FRAMKVÆMD	3
NIÐURSTÖÐUR	4
BAKGRUNNUR	4
VIÐHORF TIL ÞROSKAÐJÁLFA OG SAMSTARF VIÐ AÐRA	5
SÍMENNTUN	8
SKIPULAG VINNUTÍMA	9
GREINING Á VERKEFNUM ÞROSKAÐJÁLFA Í GRUNNSKÓLA	12
VÆNTINGAR UM FRAMTÍÐINA	15
SAMANTEKT	18

TÖFLUR

Tafla 1. Stærð úrtaks og svörun	3
Tafla 2. Menntun	4
Tafla 3. Viðhorf gagnvart starfi	5
Tafla 4. Virkt samstarf	5
Tafla 5. Skipulag vinnutíma	9
Tafla 6. Samstarf um vinnutíma	10
Tafla 7. Starfssvið	12
Tafla 8. Undirbúningur	12
Tafla 9. Mat og skráning gagna	13
Tafla 10. Samvinna innan skólans	13
Tafla 11. Samvinna utan skólans	14
Tafla 12. Sérstök verkefni með nemanda	14
Tafla 13. Önnur verkefni	15
Tafla 14. Bættar starfsaðstæður	15

MYNDIR

Mynd 1. Starfsreynsla	4
Mynd 2. Samstarf innan skólans	7
Mynd 3. Símenntun á skólaárinu	8
Mynd 4. Hef nægan tíma til þess að sinna þessum verkefnum.	11

Inngangur

Í þessari skýrslu er lýst niðurstöðum úr könnun á starfi þroskaþjálfa í grunnskólum Reykjavíkur. Könnunin var gerð í samvinnu Menntasviðs Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands. Gerð var tölvupóstkönnun meðal starfandi þroskaþjálfa þar sem spurt var um samstarf, skilning á starfi, símenntun og einstök verkefni þeirra í grunnskólunum. Einnig voru tekin viðtöl við þrjá skólastjóra í grunnskólum þar sem þroskaþjálfar starfa auk þess sem tveir rýnihópar þroskaþjálfa ræddu um starf sitt og þróun þess.

Framkvæmd

Könnunin fór fram dagana 21.-29. apríl 2006. Í töflu 1 má sjá svarhlutfall en könnunin var send til allra starfandi þroskaþjálfa í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Tafla 1. Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	38
Fjöldi svarenda	36
Svöruðu ekki	2
Svarhlutfall	94,7%

Rýnihópar þroskaþjálfa og viðtöl við skólastjóra fóru fram í vikunni 24.-28. apríl. Þátttakendur í rýnihópum voru 6 talsins, auk þess sem einn þroskaþjálfari sem ekki sá sér fært að taka þátt var heimsóttur á sinn vinnustað.

Niðurstöður


Í þessum hluta er greint frá niðurstöðum úr könnun á starfi þroskaþjálfa, rýnihópum og viðtölum. Mest áhersla er á könnun, enda var þátttaka í henni mjög góð en niðurstöðum úr rýnihópum og viðtölum fléttað inn í umfjöllun þar sem við á. Niðurstöður í töflum eiga eingöngu við svarendur könnunar.

Bakgrunnur

Allir svarendur könnunarinnar og þátttakendur í rýnihópum voru konur. Í hópi skólastjóra voru þrjár karlar. Allir skólastjórnir voru með fleiri en einn þroskaþjálfa í vinnu. Misjafnt var hve lengi þeir höfðu haft þroskaþjálfa í vinnu, allt frá tveimur upp í níu ár. Í einum skólanum var skólastjóri næsti yfirmaður þroskaþjálfa en í hinum tveimur skólunum voru það deildarstjórar sérkennslu sem voru yfirmenn þroskaþjálfa. Fæðingarár svarenda var frá 1947-1975. Í töflu 2 má sjá menntun svarenda könnunarinnar en spurt var um allt nám sem viðkomandi hafði lokið eða væri í um þessar mundir.

Tafla 2. Menntun	Fjöldi	Útskriftarár
Þroskaþjálfaskóli Íslands	20	1978-1997
Kennaraháskóli Íslands	16	1998-2004
Höfðu lokið framhaldsnámi	6	2002-2006
Eru í framhaldsnámi	4	-

Flestir, eða 26, störfuðu í heildstæðum grunnskóla, 7 í sérskóla og þrjár störfuðu í skóla með nemendum á yngsta og miðstigi (1-7. bekk). Á mynd 1 má sjá starfsreynslu þroskaþjálfa alls og einnig hve lengi þeir höfðu verið í starfi í grunnskóla.



Mynd 1. Starfsreynsla

Viðhorf til þroskaþjálfara og samstarf við aðra

Þroskaþjálfar voru spurðir um viðhorf nokkurra aðila til starfa þeirra innan grunnskólans. Í töflu 3 má sjá niðurstöður um upplifun þroskaþjálfara af viðhorfi samstarfsfólks innan grunnskólans, foreldra og starfsfólks á Menntasviði.

	Fjöldi	Mjög jákvætt	Nokkuð jákvætt	Hvorki né	Nokkuð neikvætt	Mjög neikvætt
Skólastjóri	36	61%	25%	11%	0%	3%
Aðstoðarskólastjóri	36	47%	31%	14%	6%	3%
Deildarstjóri	33	48%	33%	15%	3%	0%
Yfirmaður sérkennslu	33	61%	18%	21%	0%	0%
Kennarar	36	42%	39%	17%	3%	0%
Annað starfsfólk skóla	35	46%	43%	11%	0%	0%
Foreldrar	36	72%	22%	6%	0%	0%
Stjórnendur Menntasviðs	33	12%	12%	70%	3%	3%
Annað starfsfólk Menntasv.	34	12%	15%	74%	0%	0%

Meirihluti taldi yfirleitt að jákvætt viðhorf ríkti í þeirra garð innan skólans, sérstaklega frá yfirmönnum sérkennslu og skólastjóra. Í viðtölum við skólastjóra kom fram að skilningur væri að aukast á sérsviði þroskaþjálfans. Hlutverk þeirra væri að verða meira innan skólans. Þroskaþjálfari í rýnihópi fannst ríkja góður skilningur á starfinu í sérdeild skólans en út í almennum bekkjum væri það ekki eins gott. Það þyrfti að sækja virðinguna sem yrði svo gagnkvæm í framhaldi. Stundum væri það eins og sumir kennarar hefðu þá upplifun að þroskaþjálfinn væri að fylgjast með hvernig þeir ynnu vinnuna sína. Þetta hefði þó breyst frá því stofnunar opnuðust meira.

Þroskaþjálfum í könnuninni fannst einnig að viðhorf foreldra til sín væru mjög jákvæð. Hátt hlutfall þroskaþjálfara sem svaraði hvorki né við spurningum um viðhorf til stjórnenda og starfsfólks Menntasviðs skýrist að mestu leyti af því að fáir þroskaþjálfanna áttu í samstarfi við þá eins og sjá má í töflu 4.

	Fjöldi	Alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Stjórnendur skólans	36	17%	47%	22%	11%	3%
Kennara skólans	36	53%	42%	3%	3%	0%
Stuðningsfulltrúa skólans	36	50%	36%	11%	0%	3%
Annað starfsfólk skólans	35	31%	37%	20%	9%	3%
Menntasvið Reykjavíkurborgar	34	0%	3%	9%	35%	53%
Aðra þroskaþjálfara	35	20%	29%	29%	14%	9%
Þroskaþjálfafélagið	36	14%	14%	28%	31%	14%

Spurt var opið um athugasemdir um samstarf þroskaþjálfara og þeirra aðila sem taldir eru upp í töflu 3 og 4.

- Ef eitthvað um samstarfið að segja er þá væri það helst, almennt þekkingarleysi á þekkingu og fagi þroskaþjálfara.
- Finnst að þroskaþjálfafélag Íslands ætti meira að beita sér fyrir hagsmunum þroskaþjálfara starfandi í grunnskólum.
- Myndi vilja meira samstarf.
- Ég myndi vilja meira samstarf við stjórnendur.

- Sakna mest samstarfs við aðra þroskaþjálfafa. Maður er faglega einangraður og er því hætta á stöðnun í starfi.
- Tímaleysi til að sinna samstarfi.
- Varðandi samstarf við kennara finnst mér vanta virðingu fyrir mínu hlutverki og að kennarar vilji ráða yfir þroskaþjálfanum og verksviði hans.
- Virðing og skilningur á störfum þroskaþjálfafa í skólum. Virðing fyrir faglegu starfi. Skilningur á starfsaðstæðum.
- Það skortir á að Menntasvið viðurkenni þroskaþjálfafa inn í skólana sem fagaðila. Enn sem komið er virðist ekki greinarmunur á þroskaþjálfum með 3 ára háskólanám og ómenntuðum stuðningsfulltrúum.
- Þyrfti fá fleiri þroskaþjálfafa við skólann eða vera í samstarfi við einhvern í nágrannaskóla.

Einn þroskaþjálfafi í rýnihópi orðaði samstarf við kennara á þennan veg:

Hvað mig viðkemur er þetta á jafnréttisgrundvelli, en veit að það er ekki alls staðar. Hugsa að það sé persónubundið, það má þó segja að sú staða að vera ekki umsjónarmenn – fáum t.d. ekki að skrifa undir einstaklingsáætlanir sem við gerum, heldur kennarinn, svo það hefur kannski litað svolítið, þeir eru svolítið hærra settir en við. Á pappírnum, skv. grunnskólalögum verða þeir að stjórna, þó við kannski stjórnnum sumu í starfinu þá má það ekki sjást á pappír.

Einn skólastjóri sagði:

...eru skýrar línur hér, þroskaþjálfinn er sérfræðingur í málum einstaklinga með sérþarfir en það er kennarinn sem er yfirmaðurinn í bekknum. Enginn kemur inn og segir kennaranum hvernig hann á að hafa það í einhverjum aðstæðum. Á ekki við að kennari sé yfirmaður þroskaþjálfafa en það er kennarinn sem ræður inn í bekk. Þroskaþjálfinn þarf að framkvæma það sem hann ætlar að gera í samráði við kennarann.

Annar þroskaþjálfafi í rýnihópi sagði það gott að vinna með kennurum sem tala um bekkinn „okkar“, ekki bekkinn „sinn“. Þroskaþjálfafi og kennari væru að vinna saman með bekkinn þó kennarinn skipulegði hvað ætti að gera. Besta niðurstaðan væri þegar kennari og þroskaþjálfafi virtu sérfræðipækkingu hvors annars.


Þroskaþjálfafi í rýnihópi hafði þetta að segja um þekkingu á starfi þroskaþjálfafa:

Þekkingarleysið á störfum þroskaþjálfafa var mjög mikið, hefur þó batnað en minnst gagnvart yfirstjórninni. Skólinn er kennarastofnun, kennarastofa en ekki kaffistofa og það tekur mislangan tíma fyrir aðra að komast inn. Einn og einn kennari segir hví er þetta barn ekki í sérskóla, hvernig nennir þú að kenna þessu barni. Er í samstarfi við marga kennara og búin að kynna starfið vel, orðin mikil samvinna.

Langflestir, eða tæp 90% þroskaþjálfafa tóku þátt í stefnumótun og þróunarstarfi innan skólans. Margir nefndu teymisfundi varðandi nemendur, stigsfundi og árgangafundi. Einnig tóku margir þátt í Olweus verkefninu. Auk þessa var nefnd seta í sérkennslu- og stuðningsteymi,

lausnateymi, PBS teymi auk þess sem nokkrir tóku þátt í þróunarverkefnum með öðru starfsfólki skólans.

Næst voru þroskaþjálfar beðnir að taka afstöðu til fjögurra fullyrðinga um samstarf í skólanum. Eins og sjá má á mynd 2 voru flestir sammála því að litið væri á starf þeirra sem hluta af daglegu starfi í skólanum.



Mynd 2. Samstarf innan skólans


Þess má geta að svipaðar fullyrðingar voru lagðar fyrir alla starfsmenn grunnskólanna í Vinnustaðagreiðningu sem Gallup gerði fyrir Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 2005 og voru niðurstöður ámóta eins og hér kom fram. Allir skólastjórnir sem rætt var við voru sammála því að samstarf þeirra við þroskaþjálfana gengi mjög vel og að þroskaþjálfar hefðu samlagast starfsfólkinu mjög vel og væru hluti af heildinni. Það væri þó persónubundið, eins og með annað starfsfólk. Hlutverk skólans væri orðið mikið víðfeðmara en að kenna bara lestur og skrift. Einn skólastjóri sagði þó: „Allir sem sinna starfi í grunnskóla hafa starfslýsingu en vitum líka að stundum þarf að taka útdúr úr starfslýsingu okkar því aðstæður kalla á það og þörf kemur upp. Þroskaþjálfar eru mjög uppteknir af því að fara eftir vinnutíma og vinnuskilgreiningu sem tengjast faginu og vilja ekki fara út fyrir það. Það eru börnin sem skipta mestu máli, starfsfólkið ber ábyrgð á skólastarfi og þarf því að geta gripið inn í ef það koma upp sérstakar aðstæður. Ef þroskaþjálfar ætla ekki að fara þá leiðina þá verða þeir aldrei hluti af heildarpakkanum.“

Einn þroskaþjálfari í rýnihópi taldi að hver væri bara að hugsa svolítið mikið um sitt, allt litlar einingar, ekki endilega bara gagnvart þroskaþjálfum. Almennt töldu þroskaþjálfar sem þátt tóku í rýnihópum að samstarf við þeirra nánasta umhverfi væri gott, þekkingarleysi háði frekar þeim sem ekki ynnu nálægt þeim en þeir vildu sjá meira samstarf út í almennu bekkina, ekki bara tengslabekkina. Erfitt gæti verið að breyta viðhorfi sem sumir kennarar hefðu gagnvart þroskaþjálfum, þyrfti að byrja í Kennaraháskólanum: „Þar er goggunarröð og við þroskaþjálfar erum í þriðja sæti“. Markmiðið væri að fólk geti talað saman faglega, „að þroskaþjálfinn komi inn sem hluti af kennarahópnum“.

Tæpur helmingur þroskaþjálfara sagðist fá ráðgjöf eða leiðsögn vegna starfstengdra vandamála á vinnustað sínum og um þriðjungur naut formlegrar handleiðslu í starfi. Allir þroskaþjálfarnir sem rætt var við í rýnihópum höfðu einhvern innan skólans sem hægt var að ræða við ef upp komu einhver mál. Stundum væri best að ræða við aðra þroskaþjálfara í öðrum skólum. Þyrfti stundum hlið þroskaþjálfans, til að styðja við málefni sem um ræðir. Allir sögðu mikilvægt að hafa aðgang að handleiðslu.

Símenntun

Ein spurning varðaði þátttöku í símenntun. Spurt var hve oft á skólaárinu þroskaþjálfar tækju annars vegar þátt í almennri símenntun skólans og hins vegar í faglegri eða persónulegri símenntun.



Mynd 3. Símenntun á skólaárinu

Skólastjóri hafði þetta að segja um símenntun þroskaþjálfara í hans skóla:

Símenntun þeirra er partur af símenntun skólans. Símenntunarpakkinn hefur snúist um PBS og þar eru þær mjög sterkar. Hefur líka verið lögð mikil áhersla á einstaklingsmiðað nám og þar aftur eru þær sterkar, hafa búið til einstaklingsnámsskrár o.fl. Þær fá auðveldlega leyfi til að sækja símenntun vegna sinnar faggreinar. Og eru duglegar að sækja sér símenntun sjálfar. Þær hafa einnig nýst sem leiðbeinendur í skólanum, t.d. haldið fræðslufundi fyrir aðra starfsmenn um einhverfu.

Þroskaþjálfar í rýnihópum nefndu að þeim fyndist þeir oft ekki fá neitt út úr símenntun skólans. Námskeið væru oft of kennaramiðuð. Framboð á sérhæfðum námskeiðum væri lítið og oft ekki boðið upp á námskeið vegna fæðar. Sumir nefndu notkun netsins til að finna upplýsingar um hinar ýmsu fatlanir. Einn þroskaþjálfari sagði:

Mikill skilningur á faglegri símenntun, fæ yfirleitt borgað, fer líka í endurmenntunarpakka skólans. Er hvött til símenntunar og samstarfsfólk bendir mér á hluti, kannski af því ég er ein. Ég er líka með í þróunarverkefni sem ég er studd mikið í og fæ leyfi til þess að stunda.

Annar þroskaþjálfari nefndi þetta; „þurfum stundum að redda sjálfar einhverju fyrir okkur. Nýtt að það er kominn deildarstjóri og það hefur lagast mikið. Getur verið púsl ef hópurinn vill fara saman.“

Skipulag vinnutíma

Nokkrar spurningar voru um skipulagningu vinnutíma og tíma til að sinna ýmsum verkefnum. Í töflu 5 má sjá hvernig samstarfi við skólastjórnenndur um vinnutíma var háttað.

Tafla 5. Skipulag vinnutíma	Fjöldi	Hlutfall
Mótað í samráði við skólastjórnenndur á haustin	21	58%
Mótað í samráði við skólastjórnenndur á haustin og endurskoðað reglulega yfir veturinn	5	14%
Skólastjórnenndur leggja fram fullmótuð drög um skipulag vinnutíma án samráðs við mig	7	20%
Annað fyrirkomulag	3	8%
Alls	36	100%

Þeir sem nefndu annað fyrirkomulag voru beðnir að útskýra það nánar:

- Bý til mína stundarskrá í samráði við aðstoðarskólastjóra
- Skólastjóri mótar það að hausti eftir stundatöflu nemandar og hversu mikla peninga hann hefur til að hafa þroskaþjálfara með þeim, þroskaþjálfar eru svo "hátt" launaðir.
- Það er mótað með stjórnendum en ég vildi að ég hefði betri aðgang að stjórnendum svo hægt væri að endurskoða vinnutíma þegar maður er byrjaður að vinna eftir honum.

Þroskaþjálfum í rýnihópum fannst mikil breyting hafa orðið síðustu 6 árin hvað varðaði skipulag vinnutíma, sérstaklega eftir nýju samningana sem gæfu aukið svigrúm. Þetta hefði bætt gæðin mikið í vinnunni. Þroskaþjálfar þyrftu undirbúningstíma til að geta skilað góðri vinnu. Sérstaklega ef þyrfti að búa til námsgögn. Upplifun þroskaþjálfara gat þó verið mjög misjöfn á þessu samstarfi:

Ég er með fasta kennslu, 27 tíma 8-13 í kennslu og 13-16 í undirbúning (þar inni eru fundir) sem er mjög sveigjanlegt. Okkar samkomulag gildir frá 8-16. Gert á undirbúningsdögum, ég geri starfslýsingu og skólastjóri fer yfir og samþykkir. Ég skipulegg minn vinnutíma utan þess sem ég er með nemendur (skipulegg tímann) er með námsver með 9 nemendur ásamt kennara. Skólastjóri er feginn að ég sjái um þetta.

Annar hafði þetta að segja:

Við sömdum í vetur um 28 kennslustundir sem var mikil þrautaganga og þurfti að hóta uppsögn til að fá þetta í gegn. Fáum undirbúning á móti en erum með bundna viðveru, s.s. samstarfsfundi og starfsmannafundi. Aðeins farið að nálgast kennara, svipað en ekki eins. Búum við þá óvissu að vita ekki hvort þetta samkomulag verði einnig á næsta ári. Kemur titringur á vorin þá þarf aftur að fara að semja. ...Mér finnst við enn að berjast síðan 1978, hvernig nennir maður þessu. Komið mjög stutt á veg.

Þeir þrír skólastjórar sem rætt var við sögðu allir að vinnutími þroskaþjálfna hjá sér væri skipulagður líkt og vinnutími kennara. Þar hefði orðið mikil breyting eftir síðustu samninga. Þó væru skiptar skoðanir innan skólanna hvernig túlka mætti síðustu samninga hvað varðaði vinnutímaskilgreiningar þroskaþjálfna. Þroskaþjálfar hefðu einnig nýtt sér ákvæði í síðustu samningum um svigrúm til samstarfs, bæði þá við skólastjórnendur og kennara. Sætu kennarafundi, árgangafundi, starfsmannafundi, fara með skólastjórnendum á fundi á greiningarstöðina o.fl. Misjafnt var eftir skólunum hvort þroskaþjálfar unnu allan sinn vinnutíma innan skólans eða hvort þeir höfðu möguleika á því að vinna undirbúningsvinnuna heima.


Þroskaþjálfar sem svöruðu könnuninni voru yfirleitt fremur sáttir við þetta samstarf um skipulagningu vinnutíma þegar á heildina er litið eins og sést í töflu 6 en ýmsir hnöktrar komu þó fram þegar rætt var um samstarfið í rýnihópunum. Spurningin var svohljóðandi: *Hvernig finnst þér samstarf um vinnuskipulag takast?*

Tafla 6. Samstarf um vinnutíma	Fjöldi	Hlutfall
Mjög vel	5	14%
Fremur vel	20	55%
Hvorki vel né illa	9	25%
Fremur illa	1	3%
Mjög illa	1	3%
Alls	36	100%

Í opinni spurningu um skipulagningu vinnutíma og samstarf vegna þess komu fram eftirfarandi sjónarmið.

- Ég vil hafa meira svigrúm innan vinnurammans og breyta verklagi þroskaþjálfans nær kennaraverklaginu, þ.e. að ég geti sjálf fyllt inn í stundarskrána hvaða kennslustund ég kenni hvað.
- Erfitt var að semja um vinnutímaskilgreiningu eftir síðasta kjarasamning og ekki náðist að fá það sem óskað var eftir.
- Gengur vel við skólastjórnendur.
- Mín skoðun er sú að það er háð þroskaþjálfanum og viðhorfi skólastjórnenda, hvernig til tekst um vinnutímaskilgreiningu. Maður þarf að hafa bein í nefinu og vera rökfastur, til að ekki sé "valtað" yfir mann á þessu sviði.
- Samræma þetta kennsluskyldu kennara.
- Samstarfið gengið mjög vel.
- Vantar í kjarasamninga ákveðnari skilgreiningu á vinnutíma. Hvað felst í undirbúningi, hvað felst í þjálfun, kennslu?

Í þessum hluta könnunarinnar var að lokum spurt um tíma sem gæfist til að sinna ákveðnum þáttum starfsins. Á mynd 4 má sjá hlutfall þeirra sem töldu sig **hafa nægan tíma** til að sinna hverjum þætti fyrir sig.



Mynd 4. Hef nægan tíma til þess að sinna þessum verkefnum.

Flestir virtust hafa nægan tíma til foreldrasamstarfs eða forgangsröðuðu því verkefni á kostnað annarra. Minni tími virtist vera fyrir aðra þætti sem spurt var um, áberandi minnstur til að sækja handleiðslu og sinna ráðgjöf til starfsfólks skólans. Opin spurning um aðra þætti sem lítill tími væri fyrir leiddi í ljós að:

- Ég útbý mjög mikið af námsefni og geri dagskipulag og er oft í vinnunni til 7 og 8 á kvöldin.
- Hef ekki nægan tíma til stjórnunar.
- Sækja samráðsfundi með kennurum þegar verið er að leggja drög að vikuáætlun bekkjarins, ekki hægt vegna mikillar vinnuskyldu þroskaþjálfans.
- Útbúa kennsluefni fyrir nemendur með sérþarfir.

Greining á verkefnum þroskaþjálfna í grunnskóla

Þroskaþjálfar voru beðnir að meta hvert væri aðalstarfssvið þeirra. Í töflu 7 eru þær niðurstöður en þess má geta að 7 treystu sér ekki til að flokka starf sitt á þennan hátt, nefndu t.d. „ég er með umsjón með nokkrum nemendum og með ráðgjöf til annarra“ og „starfa sem yfirþroskaþjálfari 1 (þar sem ég er eini þroskaþjálfinn í skólanum) tel mig samt ekki falla í neinn af þessum flokkum“ eða „starfssvið mitt er í rauninni sérkennsla fjögurra nemenda með alvarleg hegðunarvandamál auk lágrar meðalgreindar.“

Tafla 7. Starfssvið	Fjöldi	Hlutfall
Er stjórnandi/deildarstjóri	0	0%
Er stjórnandi/deildarstjóri með þjálfunarskyldu	12	41%
Sinni aðallega einum nemanda og veiti ráðgjöf með aðra nemendur	17	59%
Alls	29	100%

Skólastjórarnir gátu tekið dæmi af fjölbreyttu starfssviði:

Einn þroskaþjálfari kennir líka í yngri deildinni og sér um félagsstarfið í eldri deildinni, er því lykilmanneskja í skólanum. Í sérdeildinni er önnur þeirra yfir deildinni þó ekki heiti það deildarstjóri. Þar bera þær faglega ábyrgð á að námsefni sé við hæfi, sjá um námsefnisgerð, búa til einstaklingsnámskrár, sjá um þjálfun, kennslu, gæslu í frímínútum (eins og stuðningsfulltrúar, ýmsir kennarar sjá líka um gæslu), fara með nemendum í sund og aðrar sérgreinar. Ein vinnur með börn með mikil hegðunarfrávik og hefur unnið mikil kraftaverk þar.

Næst voru talin upp fjölmörg verkefni og þroskaþjálfarnir beðnir að meta hversu oft þeir sinntu þeim að jafnaði í starfi sínu. Listinn var að mestu unninn upp úr starfslýsingum fyrir þroskaþjálfna í grunnskóla með viðbótum frá rýnihópi. Þar sem listinn var fremur ítarlegur er honum skipt upp í nokkrar töflur þar sem sett eru saman þau atriði sem snúa að tilteknum flokki. Í töflu 8 má sjá verkefni sem snúa að undirbúningi að þjálfun nemenda.

Tafla 8. Undirbúningur	Fjöldi	Daglega	Tvisvar /þrisvar í viku	Vikulega	Mánaðarlega	Sjaldnar	Aldrei
Skipulegg þjálfunaraðst.	36	67%	19%	3%	6%	6%	0%
Vel þjálfunar- og námsgögn	36	58%	17%	17%	8%	0%	0%
Skipulegg kennslustund ef nemandi getur ekki tekið þátt í hópkenndu.	36	31%	17%	6%	17%	14%	17%
Útbý eða einfalda námsgögn	36	19%	36%	31%	6%	6%	3%
Útbý heimanám nem.	35	11%	9%	29%	9%	23%	20%
Skipulegg/tek að mér kennslustund í forföllum kennara	35	0%	11%	17%	23%	40%	9%

Að skipuleggja þjálfunaraðstæður og velja þjálfunar- og námsgögn voru þau atriði sem flestir merktu við að gera daglega. Einnig skipulögðu margir kennslustund fyrir nemanda og útbjuggu námsgögn. Þroskaþjálfar í rýnihópi nefndu að það þyrfti að koma því inn hjá stjórnendum að nemendur fá meira út úr starfi þroskaþjálfra ef þeir hafa meiri tíma til að undirbúa. Það væri atriði sem samningarnir mættu vera skýrari um; að þroskaþjálfar fái sinn undirbúningstíma svo skólastjórnendur geti ekki túlkað samningana á sinn hátt. Verða líka að hafa tíma til að vinna með kennurum að undirbúningi.

Í töflu 9 eru ýmis atriði er snúa að mati og skráningu.

Tafla 9. Mat og skráning gagna	Fjöldi	Daglega	Tvisvar /þrisvar í viku	Vikulega	Mánaðarlega	Sjaldnar	Aldrei
Útbý skráningargögn og vinn úr skráningum	34	18%	3%	15%	18%	24%	24%
Gerir námsmat/endurmat	35	6%	0%	3%	29%	60%	3%
Gerir einstaklingsáætlun	35	6%	0%	3%	20%	71%	0%
Gerir færnimat	36	3%	0%	0%	31%	56%	11%
Gerir þroskamát	35	3%	0%	0%	9%	49%	40%

Hér má sjá að fæst af þessari vinnu átti sér stað vikulega eða oftar, flestir merktu við að vinna sem þessi færi fram mánaðarlega eða sjaldnar. Í töflu 10 eru fjölmörg atriði er varða samvinnu og samstarf innan skólans. Þátttaka í sérstökum verkefnum og ráðgjöf til starfsfólks var þar algengust sem hluti af daglegu starfi en fundarseta var sjaldnar.

Tafla 10. Samvinna innan skólans	Fjöldi	Daglega	Tvisvar /þrisvar í viku	Vikulega	Mánaðarlega	Sjaldnar	Aldrei
Tek þátt í sérstökum verkefnum, s.s. atferlismeðferð	33	24%	9%	9%	18%	18%	21%
Veiti ráðgjöf til annarra starfsmanna skólans	36	11%	14%	19%	19%	22%	14%
Sit á starfsmannafundum	35	3%	0%	69%	23%	3%	3%
Sit stigsfundi og árgangafundi	33	0%	3%	30%	33%	21%	12%
Sit samráðsfundi foreldra og starfsmanna skólans	34	3%	0%	0%	44%	38%	15%
Vinn að bekkjaráætlunum	35	0%	3%	9%	6%	34%	49%
Held fræðsluerindi fyrir starfsfólk	35	0%	0%	3%	0%	49%	49%
Vinn að skólanámskrá	36	0%	0%	0%	3%	42%	56%
Sit fundi nemendaverndarráðs	36	0%	0%	3%	3%	0%	94%

Þroskaþjálfar í rýnihópi nefndu að nýta mætti þroskaþjálfra betur, t.d. í námsveri í hegðunar- og atferlismótun. Þetta, að vera með einn nemanda ætti ekki að vera til í skólunum. Þroskaþjálfri sagði: „Meiri samvinna við aðra kennara, við kunnum atferlismótun hægri vinstri og nýta það. Öll hegðunarvinna er okkar sérsvið“. Skólastjóri nefndi: „Sú sérfræðikunnátta

sem þroskaþjálfar búa yfir vantaði í grunnskólana áður. Þær hafa góða þekkingu á þroskafrávikum og fötlunum sem nýtast skólanum mjög vel og þær miðla þessari þekkingu til kennaranna.“

Í töflu 11 er svo yfirlit um samvinnu utan skólans og þar kom í ljós að þroskaþjálfar áttu í töluverðum samskiptum við fjölmarga aðila ef litið var til lengri tíma. Minnst var um ráðgjöf til starfsfólks annarra skóla og samskipti við skammtímaþjálfar og skylda þjónustu.

Tafla 11. Samvinna utan skólans	Fjöldi	Daglega	Tvisvar /þrisvar í viku	Vikulega	Mánaðarlega	Sjaldnar	Aldrei
Er í samskiptum við aðra sérfræðinga, s.s. námsráðgj., sálfr.,félagsráðg.	34	6%	6%	3%	38%	35%	12%
Veiti ráðgjöf til foreldra nemenda með fötlun	35	3%	6%	9%	23%	40%	20%
Sinni samskiptum við ýmsar stofnanir, s.s. GRR, BUGL, Félagsþjónustuna	36	0%	6%	0%	19%	50%	25%
Er í samskiptum við skammtímaþjálfar og aðrar þjónustustofnanir	35	0%	3%	14%	3%	26%	54%
Veiti ráðgjöf til kennara/þroskaþjálfara í öðrum skólum	33	0%	0%	0%	9%	39%	52%

Í töflu 12 eru svo sérstök verkefni sem létu að nemendum. Þar voru áberandi verkefni eins og að fylgja nemanda í mötuneyti, matarþjálfun og þjálfun eða fylgd í frímínútur.

Tafla 12. Sérstök verkefni með nemanda	Fjöldi	Daglega	Tvisvar /þrisvar í viku	Vikulega	Mánaðarlega	Sjaldnar	Aldrei
Fylgi nemanda mínum í mötuneyti/nessi	36	44%	17%	3%	0%	11%	25%
Sinni matarþjálfun nemanda í mötuneyti/nessi	35	31%	14%	3%	3%	14%	34%
Sinni þjálfun í frímínútum	36	14%	14%	3%	8%	14%	47%
Fylgi nemenda mínum í frímínútum	36	11%	31%	8%	3%	17%	31%
Fylgi eftir þjálfun sjúkraþj.	35	9%	9%	9%	6%	23%	46%
Hleyp í skarðið vegna nemanda míns ef forföll verða í mötuneyti	35	3%	3%	11%	14%	14%	54%
Hleyp í skarðið vegna nemanda míns í frímínútum ef forföll verða í útgæslu	35	0%	9%	3%	26%	29%	34%
Er í séraðstæðum með nemanda á matmálstímum/nessi	35	6%	14%	0%	0%	6%	74%

Að lokum er í töflu 13 yfirlit um ýmislegt annað sem féll ekki undir framangreinda flokka. Um þriðjungur svarenda viðaði vikulega eða oftár að sér upplýsingum vegna sérþarfa nemenda sinna.

Tafla 13. Önnur verkefni	Fjöldi	Daglega	Tvisvar /þrisvar í viku	Vikulega	Mánaðarlega	Sjaldnar	Aldrei
Viða að mér ýmsum upplýsingum vegna sérþarfa minna nemenda	36	6%	3%	25%	56%	11%	0%
Útbý leiðbeinandi gögn fyrir aðra starfsmenn skólans til að vinna eftir	35	6%	0%	11%	23%	31%	29%
Fræði nemendur skólans um þroskafrávik og fatlanir	35	0%	0%	6%	14%	49%	31%

Væntingar um framtíðina

Að lokum voru þroskaþjálfar spurðir hvaða atriði myndu helst bæta starfsaðstæður þeirra í grunnskólunum. Niðurstöður þess má sjá í töflu 14 en þar er hlutfall þeirra sem settu viðkomandi atriði í fyrsta sæti og svo samanlagt hlutfall þeirra sem völdu það í fyrst og annað sæti.

Tafla 14. Bættar starfsaðstæður	1. sæti	1. og 2. sæti
Bætt þekking á störfum þroskaþjálfara í grunnskólum	43%	68%
Heildarlöggjöf og stefnumótun menntamála	36%	72%
Skýrar starfslýsingar	33%	50%
Síðareglur í starfi	27%	27%
Aðgangur að greiningar- og matsgögnum	23%	61%
Skipulag vinnutíma í samræmi við þarfir starfs	25%	54%
Áætlanagerð á sviði þroskaþjálfunar í hverjum skóla eða skólahverfi	22%	39%
Aðgangur að gagnabanka um þjálfunargögn o.þ.h.	20%	40%

Í rýnihópum voru þroskaþjálfarnir sammála um að miðlægur gagnabanki myndi bæta starfsaðstöðu þeirra til muna svo ekki þyrfti alltaf að vera að finna upp hjólið. Gagnabanka sem væri haldið við og þróað nýtt og þroskaþjálfar myndu leggja inn í. Margt lægi víða, sem þroskaþjálfar hafa verið að gera. Menntasvið ætti að koma upp einhverjum slíkum banka, eða ef til vill Öskjuhlíðarskóli, hann ætti að vera ráðgjafarskóli. Varðandi stefnumótun þá kom það fram að þroskaþjálfum fannst „kerfið“ ekki gera ráð fyrir þroskaþjálfum almennt þó skólastjóri væri mjög hlynntur. Það þyrfti fleiri stéttir í skólana og þroskaþjálfar þyrftu viðurkenningu. Um starfslýsingar og skipulag vinnutíma sögðu nokkrir að skilgreining yrði að vera skýrari, vinnutímaskilgreining niðurnegld. Að þroskaþjálfar þyrftu ekki hver og einn að semja við sinn skólastjóra um að fá skilgreiningu á þessum vinnutíma. Það gæfi svo mikið ójafnvægi í stöðuna.

Skólustjóri nefndi þetta um þekkingu á störfum þroskaþjálfra og samvinnu í grunnskólanum:

Vil afnema lögbindingu kennara og opna skólana fyrir sérfræðiþekkingu þeirra sem eru með háskólanám sem tengist börnum og uppeldi en eru ekki kennarar. Sérfræðiþekking og háskólapróf úr öðrum greinum ættu að vera jafngilt innan skólans og kennarapróf. Þyrfti að breyta þessari ofuráherslu á kennara. Þarf fólk inn í skólana sem er með breiða þekkingu og sérhæfingu. Sumar starfsstéttir eru fremri kennurum í að kenna ýmislegt sem ekki fellur undir aðalnámskrá, t.d. hegðun, samskipti o.fl.

Önnur atriði sem þroskaþjálfar nefndu að myndu bæta starfsaðstæður þeirra í grunnskólum voru:

- Að vinnutímaskilgreining sé í samræmi við vinnutímaskilgreiningu kennara.
- Fengi betri þjálfunaraðstæður/kennsluaðstæður fyrir nemendur mína.
- Fleiri þroskaþjálfra í skólana.
- Meira húsrými og þar með aukna möguleika á að kenna nemanda einslega ef þörf krefur.
- Mikilvægt að vinnutími hjá þroskaþjálfum í skólum sé metin sem 100% vinna þann tíma sem nemendurnir eru í skólanum, þ.e. skólaskyldan.

Í lok könnunarinnar var opið svæði þar sem þroskaþjálfar voru beðnir að koma á framfæri hverju því sem þeir vildu er varðaði starf þeirra og starfsaðstæður og koma niðurstöður úr því hér á eftir. Þessi texti er óbreyttur frá hendi þeirra sem skrifuðu.

- Að mínu mati eru þroskaþjálfar oft illa nýttir í skólunum, sennilega vegna vanþekkingar og vegna ákveðinnar mytu um fatlaða. Oft þarf að fylgja barni intensíft eftir um ákveðinn tíma-mjög misjafnt, getur verið ár, getur verið skemmri tími. Svo getur þroskaþjálfinn, þjálfað t.d. stuðningsfulltrúa í vinnu með barninu, en áfram stýrt vinnunni; skipulagt og verið með ráðgjöf. Með þessu móti, getur þroskaþjálfinn sinnt fleiri börnum og komið fleiri málum á "beinu" brautina. Einnig er það mín skoðun, að full þörf sé á þroskaþjálfra í hverjum skóla og í tengslum við "áætlanagerð á sviði þroskaþj. í hverjum skóla...", finnst mér, að staða yfirþroskaþjálfra ætti að vera staðreynd í öllum skólum. Sá hefði yfirumsjón með að skipuleggja þroskaþjálfun í skólanum og deila verkefnum, sem og vinna með öðrum þroskaþjálfum sem ráðnir yrðu.
- Ég nýt þess að starfa við þroskaþjálfun með börnum í grunnskóla og harma það að þurfa að yfirgefa þennan starfsvettvang vegna slakra kjara. Það er niðurlægjandi að starfa við hlið sambærilegra stétta á miklu slakari kjörum!
- Ég tel að starf þroskaþjálfra innan skólakerfisins þurfi að bæta til muna og virða. Samstarf þroskaþjálfra og kennara er mjög nauðsynlegt. Þá tala ég um samstarf ekki að annar sé réttærri. Þ.e. í vinnu með fatlaða nemendur.
- Er mjög ánægð í starfi mínu. Mikil undirmönnun hefur valdið miklu álagi og tíma vantar til að undirbúa starfið.
- Fatlað fólk er lítills metin hópur og sýna bæði eldri og nýlegar rannsóknir það. Lítil skilningur er á að fólk er ólíkt og reynsla þeirra. Skilningsleysi virðist líka vera á því að nálgast þarf fólk með ólíkum hætti vegna ólíkrar reynslu og bakgrunns. Það endurspeglast í því að enn verið að kenna fólki með sama hætti, með sama námsefni og sömu viðmið notuð. Þeir sem eru með greiningar og eiga ekki möguleika á að ná

Þessum viðmiðum vegna þess að ekki er gert ráð fyrir nema svo litlum frávikum frá norminu, til að vera með. Það virðist sem hinir megi vera inn í skólunum vegna þess að þeir eiga rétt á því án þess að gert sé ráð fyrir raunverulegum framförum. Það endurspeglast í því að ekki er til námsefni sem hæfir þörfum allra nemanda. Hvort námsefni við hæfi sé útbúið er háð þeim sem sjá um nemendur sem víkja mikið frá þessum normum. Þessi viðhorf endurspeglar viðhorf til þroskaþjálfara og því að lítill greinarmunur er gerður á þeim og stuðningsfulltrúum. Starfsaðstæður verða erfiðar fyrir þroskaþjálfara því þeir eiga erfitt með að sinna réttindagæslu þeirri sem þeir eiga að sinna eins og stendur í starfs- og siðareglum þeirra.

- Hætta að bera þroskaþjálfara saman við stuðningsfulltrúa við erum mikið nær kennurum erum jú með 90 eininga háskólanám að baki rétt eins og þeir. Slæmt til þess að hugsa að þurfa að mennta sig út úr stétt sem fólk hefur menntað sig til og vill vinna við til þess að fá mannsæmandi kjör í grunnskólum Reykjavíkur. Á ég þar við að þurfa að taka kennslufræði til að fá sömu kjör og kennarar.
- Mér finnst starfið mitt skemmtilegt og auðgandi. En það verður að gæta þess að starf þroskaþjálfans verði ekki einhæft, t.d. eins og þegar allt starf hans byggist á þjálfun eins nemanda. Þá þarf að bjóða þroskaþjálfanum fleiri verkefni, annars er hætt við að hann gefist upp. Annars bara; fin könnun, takk fyrir mig!
- Skemmtilegt starf
- Starfið í mikilli mótun. Þyrfti fleiri þroskaþjálfara til að gera starf þroskaþjálfara sýnilegra. Vinn sjálf að mestu inn í bekk og í nánú samstarfi við bekkjakennara.
- Það er fátíðlegt að vinna á vinnustað þar sem vinnuskylda þroskaþjálfans er önnur en vinnuskylda kennarans. Þeir fagaðilar sem vinna á sama vinnustað ættu að hafa sömu vinnuskyldur!!!!
- Það getur verið mjög erfitt fyrir þroskaþjálfara að finna sinn stað innan skólakerfisins - þarfir nemenda eru mismunandi. Kennarar eru misjafnir varðandi það hversu mikla ábyrgð þeir taka á nemendum með sérþarfir. Sumir telja sig ekki bera neina ábyrgð á slíkum nemendum - telja að fyrst þeir hafi þroskaþjálfara þá séu þeir lausir við ábyrgð - Aðrir taka fulla ábyrgð á fötluðum nemendum og vilja frekar fá ráðgjöf og aðstoð við að aðlaga og útbúa námsefni. Þroskaþjálfar þurfa að vera miklir diplómatar og afar sveigjanlegir í starfsháttum ef þetta á allt að ganga upp.
- Þrátt fyrir stöku neikvæðni eða gagnrýni hér að ofan, tel ég mig nokkuð sátta í starfi og starf í grunnskóla mjög áhugavert. Þroskaþjálfar í grunnskólum þurfa þó að verða jafn sjálfsögð stétt innan skólakerfisins og kennarar eru í dag. Á það skortir þó mikið.

Samantekt

BAKGRUNNUR Þroskaþjálfnir sem tóku þátt í þessari rannsókn höfðu mikla reynslu í starfi, um rúmur helmingur hafði starfað 6 ár eða lengur sem þroskaþjálfnar og um helmingur hafði einnig töluverða reynslu af starfi í grunnskóla. Um þriðjungur hópsins hafði annað hvort lokið framhaldsnámi eða lagði stund á slíkt nám. Þroskaþjálfnir komu úr flestum gerðum grunnskóla, heildstæðum, yngri barna grunnskóla og sérskóla.

VIÐHORF OG SAMSTARF Meirihluti þroskaþjálfa taldi jákvætt viðhorf ríkja í sinn garð innan skólans, sérstaklega frá skólastjórum og yfirmönnum sérkennslu en nokkuð minna frá kennurum og öðru starfsfólki skólans. Þekkingarleysi á störfum þroskaþjálfa og ytri aðstæður (grunnskólalög og hefðir í skólastarfi) réðu þar mestu að mati þroskaþjálfa. Mikil breyting til batnaðar hefði þó orðið undanfarin ár vegna aukins sýnileika þroskaþjálfa í grunnskólum. Þroskaþjálfnar áttu í mestu samstarfi við kennara og stuðningsfulltrúa í skólunum en aukið samstarf við stjórnendur væri æskilegt að mati sumra. Hvað varðaði starfsanda og þverfaglega samvinnu voru flestir þroskaþjálfnar á þeirri skoðun að þeir hlutir væru í lagi – sérstaklega í þeirra nánasta vinnuumhverfi. En grunnskólinn væri fremur kennaramiðuð stofnun og því gæti tekið tíma að vinna sér sess þar sem hefð fyrir sérfræðipækkingu kennara væri gamalgróin.

SÍMENNTUN Þroskaþjálfnar tóku oftast þátt í almennri símenntun skólans heldur en fagtengdri eða persónulegri símenntun yfir skólaárið. Símenntunartilboð skólanna voru oft of kennaramiðuð að mati þroskaþjálfa en framboð á sérhæfðum námskeiðum væri oft lítið. Allir þroskaþjálfnir í rýnihópunum voru sammála um að skilningur ríkti af hendi samstarfsfólks um þeirra þarfir varðandi símenntun. Skólastjóra sem rætt var við fannst þroskaþjálfnar áhugasamir og virkir í að sækja símenntun og væru stundum leiðbeinendur í skólanum sjálfum um fræðslu tengda þeirra fagsviði.

SKIPULAG VINNUTÍMA Um 75% þroskaþjálfnanna mótuðu vinnutíma sinn ásamt skólastjórnendum að hausti og hjá fimmtungi þeirra var skipulagið endurskoðað reglulega yfir skólaárið. Hjá 20% svarenda var ekki haft samráð um skipulag vinnutíma. Þroskaþjálfnar sem tóku þátt í könnuninni og þeir sem sátu í rýnihópum voru sammála um að það setti þroskaþjálfa í erfiða stöðu að þurfa að semja sjálfur á hverju hausti um tímafjölda og skiptingu vinnutíma á verkefni. Skólastjóri gæti haft töluvert vald um hve mikinn tíma þroskaþjálfnar verðu til ólíkra verkefna. Þetta skapaði líka mismun meðal þroskaþjálfa eftir skólum, sumir ættu erfitt með að standa á sínu eins og gengur. Flestir þroskaþjálfnanna töldu rétt að færa vinnutímaskilgreiningar nær því sem gerist t.d. hjá kennurum og festa þær enn betur niður, þar sem undirbúningur tæki vissulega mikinn tíma hjá þroskaþjálfum og það myndi einnig hjálpa til við að auka skilning á starfi þroskaþjálfa. Þeir skólastjórar sem rætt var við sögðust skilgreina vinnutíma þroskaþjálfa á sama hátt og kennara vegna þeirra breytinga sem urðu eftir síðustu kjarasamninga.

VERKEFNI ÞROSKAÞJÁLFA Í GRUNNSKÓLUM Um 40% þroskaþjálfa sem svöruðu könnuninni voru stjórnendur eða deildarstjórar með þjálfunarskyldu. Aðrir sinntu einum nemanda og voru með ráðgjöf vegna annarra nemenda. Eins og búast mátti við fór stærstur hluti daglegs vinnutíma í að skipuleggja þjálfunaraðstæður, velja og aðlaga gögn og vera með nemendum í

frímínútum og mötuneyti. Um 44% svarenda fylgdu sínum nemanda/nemendum daglega í mötuneyti og 50% vikulega eða oftár í frímínútur. Allir þroskaþjálfar gerðu einstaklingsáætlanir, nær allir gerðu námsmat og töluvert margir unnið með ýmis skráningargögn. Samvinna innan skólans var oftast í formi þátttöku í sérstökum verkefnum, s.s. atferlismeðferð, margir veittu ráðgjöf til starfsfólks skólans og fundarseta var töluverð ef litið var til lengri tíma, s.s. eins skólaárs. Þroskaþjálfar í rýnihópi bentu á að nýta mætti þroskaþjálfu betur í sum verkefni skólans, til dæmis í hegðunar- og atferlismótun og voru skólastjórar sammála því. Samvinna utan skólans fólst aðallega í samskiptum við aðra sérfræðinga. Tæp 90% þroskaþjálfu vörðu mánaðarlega eða oftár tíma í að afla sér upplýsinga vegna sérþarfa nemenda sinna.

VÆNTINGAR UM FRAMTÍÐINA Bætt þekking á störfum þroskaþjálfra í grunnskólum og heildarlöggjöf og stefnumótun í menntamálum voru þau atriði sem þroskaþjálfar töldu að myndu bæta mest starfsaðstæður þeirra í grunnskólunum. Skýrar starfslýsingar og siðareglur í starfi komu þar á eftir, auk þess sem margir nefndu aðgang að greiningar- og matsgögnum og skipulagningu vinnutíma í samræmi við þarfir starfs. Einn skólastjóri sem rætt var við taldi það nauðsynlegt á næstu árum að opna skólana frekar fyrir sérfræðipækkingu þeirra sem væru með háskólanám og tengist börnum og uppeldi sem ekki eru kennarar. Þróun skólastarfs kallaði á breiða þekkingu og sérhæfingu starfsfólks. Þroskaþjálfar nefndu að starf þroskaþjálfra í grunnskóla væri enn í mikilli mótun, þetta væri skemmtilegt og gefandi starf en misræmi í vinnuskyldu og launum miðað við aðrar fagmenntaðar stéttir í grunnskólanum væri letjandi og hvetti í raun þroskaþjálfra til að mennta sig burt úr stéttinni. Þroskaþjálfar þyrftu að vera jafn sjálfsögð stétt innan skólakerfisins eins og kennarar væru í dag.